

Ársfundur AkureyrarAkademíunnar miðvikudaginn 18. maí 2016 í húsi stofnunarinnar, Árholti að Háhlíð 1.

Formaður, Valgerður S. Bjarnadóttir settur fund kl. 20.06.

Kristín Heba Gísladóttir skipuð fundarstjóri og Margrét Guðmundsdóttir fundarritari.

1. Formaður flutti skýrslu stjórnar AkureyrarAkademíunnar. Fundarmenn lögðu allir blessun yfir ársskýrslu stjórnar. Hún verður birt á heimasíðu stofnunarinnar.
2. Gjaldkeri, Jakob Þór Kristjánsson gerði grein fyrir endurskoðuðum ársreikningum AkureyrarAkademíunnar. Hagnaður af rekstri stofnunarinnar árið 2015 var kr. 900.000. Jóhanna Matthíasdóttir gerði athugasemd við sundurliðunarblað en þar stóð svart á hvítu að um ársreikning Safnasafnsins 2014 væri að ræða. Þá benti hún jafnframt á að æskilegt væri að óska eftir sundurliðun á verkefnakostnaði stofnunarinnar. Fundarmenn voru sammála um að óska eftir sundurliðun á verkefnakostnaði. Ársreikningar voru loks samþykktir með öllum greiddum atkvæðum með þeim fyrirvörum um framsetningu sem fyrr er getið.
3. Upptalning nýrra fulltúa: Anna Kolbrún Árnadóttir, Arndís Bergsdóttir, Bergljót Þrastardóttir, Eiríkur Stephensen, Jóhanna María E Matthíasdóttir, Krisín Heba Gísladóttir, Margrét Guðmundsdóttir, María G. Hensley, Ólafur Thoroddsen, Sigurgeir Guðjónsson og Valgerður S. Bjarnadóttir.
4. Kjör formanns og fulltrúaráðs. Eftirfarandi fulltrúar gáfu kost á sér í fulltrúaráð: Arndís Bergsdóttir, Bergljót Þrastardóttir, Jóhanna María E. Matthíasdóttir, Margrét Guðmundsdóttir, Ólafur Thoroddsen og Valgerður S. Bjarnadóttir. Ekki komu fram önnur framboð og voru fyrrnefndir fulltrúar því kjörnir með öllum greiddum atkvæðum. Margrét Guðmundsdóttir var kjörin formaður í einu hljóði. Valgerður S. Bjarnadóttir var að því búnu kjörin ritari og Ólafur Thoroddsen gjaldkeri,

bæði með öllum greiddum atkvæðum. Jóhanna María E.

Matthíasdóttir gegnir stöðu gjaldkera fram á haustmánuði í fjarveru Ólafs Thoroddsen.

5. Fjárhagsáætlun og árgjald. Gjaldkeri, Jakob Þór Kristjánsson, gerði grein fyrir rekstraráætlun fyrir árið 2016. Fundarmenn samþykktu að árgjald AkureyrarAkademíunnar yrði óbreytt fyrir næsta ár eða krónur 1500.
6. Önnur mál. Rætt um húsgögn og búshöld AkureyrarAkademíunnar sem eru mjög farin að ganga úr sér enda fengust þau mörg hver notuð fyrir áratug. Samþykkt að festa kaup á skrifborðum í miðrymi, nokkrum skrifborðsstólum, stærri ísskáp og fleira smálegt. Bent var á að fyrir liggur að endurnýja leigusamning við Akureyrarbæ fyrir febrúarmánuði 2017.

Margrét Guðmundsdóttir kvaddi sér hljóðs og þakkaði fráfarandi stjórnarformanni Valgerði S. Bjarnadóttur fyrir vel unnin störf.

Fundi slitið kl. 20.58